

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

16. október 2012
Tilvísun: 2012090048/10.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, 94. mál

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts yðar, dags. 27. september 2012, þar sem óskað er eftir umsögn þess um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga. Einnig er vísað til síðari samskipta og fundar með efnahags- og viðskiptanefnd um efni frumvarpsins 10. október 2012.

Með frumvarpinu er gerður greinarmunur á störfum endurskoðenda og skoðunarmanna. Fjármálaeftirlitið fagnar þeim breytingum en gerir þó eftirfarandi athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins:

I. Athugasemdir við 11. gr. frumvarpsins - skoðunarmenn ársreikninga

Í b. lið 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um að aðalfundur eða almennur félagsfundur félaga sem ekki er skylt að kjósa endurskoðanda samkvæmt lögum þessum eða samþykktum sínum skuli kjósa einn eða fleiri skoðunarmenn ársreikninga. Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við að ekki sé ljóst hvert sé hlutverk og ábyrgð skoðunarmanns. Þá er ekki ljóst hvort endurskoðendur geti tekið að sér að yfirfara ársreikning sem ekki er skylt að endurskoða.

II. Athugasemdir við 16. gr. frumvarpsins - yfirferð ársreikninga

Í 16. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skoðunarmenn skuli yfirfara ársreikninginn og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Fjármálaeftirlitið telur ekki ljóst hvað felist í orðunum "yfirferð ársreikninga".

III. Athugasemdir við 18. gr. frumvarpsins - undirritun skoðunarmanns

Í 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skoðunarmenn skuli að lokinni yfirferð ársreiknings undirrita hann sem og samstæðureikning ef hann er saminn og skal undirritun skoðunarmanns ásamt dagsetningu fylgja ársreikningnum. Fjármálaeftirlitið gerir athugasemd við að ekki er ljóst af frumvarpinu eða athugasemdum við einstaka greinar þess hvaða vinnu skoðunarmaður staðfestir með undirritun sinni. Fjármálaeftirlitið vill leggja áherslu á mikilvægi samanagerðarhæfni í vinnubrögðum og að sameiginlegur skilningur sé í hverju yfirferð ársreikninga felst.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Með öðrum orðum þá þarf að vera ljóst hvaða þýðingu undirritun skoðunarmanns hefur og þá hvaða vissu undirritunin er að veita lesanda ársreiknings sem hefur verið yfirfarinn af skoðunarmanni.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsd.
Haldóra E. Ólafsdóttir

Berglind Helga Jónsd.
Berglind Helga Jónsdóttir